

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. nóvember 2020 í máli nr. 18/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 20. apríl 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um kaup á þjónustu af Y, hér eftir varnaraðili.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi haft samband við varnaraðila og óskað eftir þjónustu við að lagfæra pípulagnir í sturtuklefa í fasteign sóknaraðila ásamt því að tengja niðurfall fyrir baðkar, sturtu og vask. Sóknaraðili greiddi 45.000 krónur til varnaraðila þann 23. mars 2020 fyrir þjónustuna. Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi hins vegar ekki lokið við umsamið verk þrátt fyrir að greiðsla hafi borist fyrir þjónustuna. Þá hafi varnaraðili krafist greiðslu frá sóknaraðila fyrir kaup á efni sem hann hafi ekki nýtt til verksins. Varnaraðili hafi einnig krafist of hárrar greiðslu fyrir efni sem hann átti sjálfur og nýtti til verksins.

Sóknaraðili krefst þess í kvörtun sinni til nefndarinnar að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni 5.000 krónur vegna kaupa á varahlutum sem hafi í raun kostað undir 4.000 krónur. Þá krefst sóknaraðili greiðslu að fjárhæð 15.000 krónur þar sem varnaraðili hafi ekki lokið við þá þjónustu sem samið var um. Kærunefndinni barst beiðni frá sóknaraðila þann 12. júní 2020 þar sem óskað var eftir heimild til þess að bæta við kröfu sóknaraðila í málinu vegna atvika sem höfðu þá átt sér stað. Sóknaraðili benti á að tjón hafi orðið í fasteign sóknaraðila sem sé rakið til þess að varnaraðili hafi ekki unnið það verk sem samið var um. Leki hafði þá borist frá íbúð sóknaraðila niður í íbúðina fyrir neðan. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði einnig gert að greiða 40.000 krónur vegna tjóns sem varð í fasteigninni sökum þess að verkinu var ekki lokið. Þá krefst sóknaraðili greiðslu að fjárhæð 62.000 krónur vegna útlagðs kostnaðar við vinnu fyrirtækisins Við erum lagnir ehf. við að lagfæra lekann.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa segir að kærunefndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við

ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Þann 1. október 2020 var tölvubréf sent sóknaraðila fyrir hönd kæruneftdarinnar þar sem óskað var eftir gögnum og upplýsingum til stuðnings kröfum sóknaraðila í málinu. Beiðnin var ítrekuð þann 4. október en ekki náðist samband við sóknaraðila. Þann 12. október var sóknaraðila sent bréf frá kæruneftdinni að lögheimili sóknaraðila með beiðni um frekari upplýsingar eða framlagningu gagna í málinu. Kæruneftdinni hefur ekki borist svar við framangreindum bréfum.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á þann kostnað sem sóknaraðili greiddi fyrir efni til verksins. Þá liggur ekkert fyrir sem sýnir fram á að varnaraðili hafi krafist greiðslu fyrir efni sem hann notaði ekki eða krafist of hárrar greiðslu fyrir það efni sem var nýtt. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á að varnaraðili hafi ekki lokið því verki sem samið var um og af málsgögnum verður ekki ráðið með vissu hvaða hluti verksins hafi verið ókláraður. Þá liggur ekkert fyrir sem sýnir fram á orsök lekans sem síðar kom upp í fasteign sóknaraðila eða hvernig lekann megi rekja til vinnu varnaraðila.

Kæruneftndin telur sér því ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfur sóknaraðila á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kæruneftndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson